

MULTIPLAN

FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

með CHART viðauka

STAÐUR: Síðumúli 23

TÍMI: 31. maí 1985

kl. 9.00 – 16.00

LEIÐBEINANDI: Páll Gestsson

STJÓRNUNARFÉLAG
ÍSLANDSSÍÐUMÚLA 23
SÍMI 82930

SBF

SBF

Sænskir
bremsuborðar

í vörubíla og tengivagna,
m.a. Volvo 7-10-12,
framhj. kr. 1.790,
afturhj. kr. 2.340,
búkkahj. kr. 1.680.
Scania 110-141
framhj. kr. 1.710,
afturhj. kr. 2.490,
búkkahj. kr.
1.710.

TANGARHÖFÐA 4
SÍMI 91-686619Verslun
með varahluti
í vörubíla og vagna

Husqvarna

handsláttuvélin er sænsk
gæðavara.
Sérstaklega hert stál í neðra
blaði tryggir nákvæman skurð
árum saman.

Husqvarna

er mest seld
handsláttuvélin á
Norðurlöndum.




Gunnar Asgeirsson hf.

SÍÐUMÚLA 23 SÍMI 82930

Menning

Menning

Menning



Kjartan Guðjónsson – Hjólið (nr. 2).

LÍF Í FORTÍÐ

— sýning Kjartans Guðjónssonar að Kjarvalsstöðum

Það sætti nokkrum tíðindum í íslensku myndlistarlífi fyrir nokkrum árum þegar tveir af hinum gömlu septembermönnum, þeir Valtýr Pétursson og Kjartan Guðjónsson, sneru baki við þeirri afstraktlist sem þeir höfðu iðkað í aldarfjórðung og hófu að mála hús, báta og fólk.

Hvað þann síðarnefnda snerti voru þetta e.t.v. ekki eins mikil umskipti og ætla mætti. Meðan Kjartan málaði og sýndi litrík afstraktmálverk vann hann jöfnum höndum að ýmiss konar lýsingum fyrir bækur og bæklinga, sem voru að stofni hlutbundnar. Einna þekktastar þeirra eru teikningar hans við Þorpið eftir Jón úr Vör sem út kom 1979.

Ólík lögmál

Margir, þ.á m. undirritaður, veltu því hins vegar fyrir sér hvernig Kjartani mundi ganga að samræma hinn harða, illústratífa stíl sinn og olumálverkið, en sem kunnugt er lúta lýsingar og málverk oftast ólíkum lögmálum. Lýsingin þarf að vera auðlæsileg og auðskiljanleg, má gjarnan hafa á sér einhvers konar frásagnarsnið. Sá sem lýsir, eða illústrerar, verður því ævinlega að byggja myndir sínar upp hreint og

klárt. Og til að gera þær aðgengilegar sem flestum kemur hann sér upp vissum títum af andlitum, húsum o.s.frv. sem auðvelt er að átta sig á. Fyrir vikið verður lýsingin ekki langlíf því hún er öll á yfirborðinu.

Myndlistarmaðurinn leitast hins

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

vegur við að tjá hið sértæka og óræða, á svo djúpfærinn hátt að áhorfandinn skynji ávallt eitthvað nýtt í verkum hans, hversu oft sem hann grandskoðar þau.

Sömu típunar

Kjartan hefur nú haldið a.m.k. tvær stórar einkasýningar á figúratífum eða hálf-figúratífum verkum frá því hann gekk af trúnni á afstraktið.

Ef marka má tilraun mína til skilgreiningar hér á undan, þá mundu þessi verk, og þ.á m. sýning hans að Kjarvalsstöðum, flokkast undir eins konar illústratífa málara-

list. Hvert og eitt þeirra er hreint og klárt í uppbyggingu, og fjallar um augnablik eða atvik sem listamanninum finnst ómaksins vert að fjalla um. Í hverri mynd er lagt út af sömu típunum, hvort sem þær eru að verka fisk, afgreiða brauð, vaska upp eða rabba saman yfir kaffibolla. Áhorfandinn hefur á tilfinningunni að þetta fólk skipti minna máli en það sem það aðhefst hverju sinni — aksjónin sem listamaðurinn notar til að knýja áfram sveiflu pentskúfsins og spuna litanna. Í þessari sveiflu og í þessum spuna er eins og sálarlíf og sérstakar aðstæður fólksins verði útundan.

Ímyndað fortíð

Það sem sérstaklega hnykkir á þessum illústratífa frásagnarhætti myndanna er að þær gerast nær allar í fortíð, ímyndaðri fortíð liggur mér við að segja, þegar lífið var fábrótnara, innihaldsríkara og e.t.v. „heilbrigðara“ en það er í dag. Þá var ekkert videó í þorpinu.

Kjartan hefur vissulega fullan rétt á sinni eftirsjá. En stundum langar mann að sjá hann nýta sína feiknarlegu hæfileika til að vekja áhorfandann til meðvitundar um eigin samtíð.

-AÍ.

Duo Concertante

Tónleikar Duo Concertante frá Danmörku í Norræna húsinu 22. maí.

Efnisskrá: Niccolò Paganini: Centone di Sonata: nr. 1, nr. 2, nr. 4 og Cantabile; Fernando Sor: Tilbrigði um stef eftir W.A. Mozart; Maria Theresia von Paradis: Sicilienne; Jacques Ibert: Entr'acte; Erik Satie: Johann Sebastian Bach: Einleikssónata í E-dúr í fólú; Georg Friedrich Händel: Larghetto; Emille Pessard: Andalous; Butch Lacy: Opus Pocus; Emille Desportes: Pastourelle og Pastorale Joyeuse.

Þeir sem standa fyrir tónleikum þessa dagana eru vist meðal þeirra fáu sem ekki prisa blessað góðviðrið. Vorið er ætíð töluverður áhættutími til tónleikahalds og góða veðrið eykur fremur áhættuna en hitt. Svo held ég nú í því tilviki sem um ræðir, tónleika Duo Concertante, að fólk hafi almennt ekki vitað um þá og enn síður hverjir voru þar á ferð. Duo Concertante skipa Kim Sjögren, fiðluleikari og konsertmeistari Konunglegu hjómsveitarinnar, og félagi hans, gítarleikarinn Lars Hannibal. Þeir hafa unnið saman um fimm ára skeið og leika jafnt gömul verk í upphaflegum búningi,

umritanir ýmsar og ný verk, sum saminn sérstaklega fyrir þá.

Verkefnaval þeirra var skemmtilegt og einna mestur fengur var í því að heyra þá leika Paganini. Það vita fáir að Paganini var ekki aðeins snjall fiðluleikari heldur einnig gítarleikari og samdi öllu fleiri tónverk fyrir gítar en fiðlu.

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Mörg þeirra voru fyrir fiðlu- og gítardúó. Ekki þurfti lengi að hlýða á leik þeirra féлага til að komast að því að Kim Sjögren er leiftrandi rómantíker. Margir eru þeir sem hafa tækni og getu til að spila Paganini en engir geta spilað hann vel nema þeir sem geta lagt rómantískar tilfinningar í leikinn. Samspil

þeirra féлага var með ágætum en í einleiksverkum kom berlega í ljós að þeir voru ekki jafningjar. Það kom hins vegar lítt fram í sameiknum.

Á seinni hluta tónleikanna léku þeir meðal annars ýmsar umritanir, til dæmis Gymnopedíur Saties og Larghetto úr sönötu sem upprunalega er fyrir flautu eftir Händel. Eitt verk, sérsamið fyrir þá, léku þeir, Opus Pocus, eða Music for Dancing for Magic Shoes eftir Butch Lacy, en sá ágæti maður hefur helst unnið sér það til frægðar að hafa verið fastapíanisti hjá Söru Vaughan um árabíll! Það var því stutt niður á „jassfilinguna“ þó ekki teldist það jassstykki og svo var einnig um umritanir Laurenzos Almeida á Andalous eftir Pessard, sem var kennari Ravels, og frönsk þjóðlög sem Desportes hafði skrifað upp fyrir kammersveit á sínum tíma. Að lokum gaukuðu þeir að áheyrendum nokkrum smellnum aukalögum og með því sendi þetta ágæta dúó alltof fáa áheyrendur sína ánægða heim.

EM